



Viðhorf foreldra til skólans og skólastarfsins

Könnun gerð í maí 2011

Formáli

Í maí 2011 var gerð könnun á viðhorfum foreldra til Salaskóla. Könnunin var gerð með könnunarforritinu Surveymonkey sem er á vefnum. 387 foreldrar svöruðu könnuninni af um 700 foreldrum sem gátu tekið þátt. Má leiða líkum að því að foreldrar 70% - 80% barna hafi svarað. Í 71% tilfella svöruðu mæður listanum en í 29% tilfella feður.

Könnuninni var skipt í þrennt. Sérstök könnun var lögð fyrir foreldra barna í 1. – 4. bekk, önnur fyrir foreldra barna í 5. – 7. bekk og sú þriðja fyrir unglingastigið. Í þessari skýrslu eru niðurstöður lagðar saman í þeim spurningum sem voru eins, en þær voru langflestar hinar sömu.

Í könnuninni gátu foreldrar einnig skrifað það sem þeim lá á hjarta um starf skólans og í lok skýrslunnar er útdráttur úr þeim skrifum.

Könnun þessi er liður í sjálfsmati skólans og gefur okkur sem störfum í skólanum mikilvægar vísbendingar um starfið í skólanum. Hún hjálpar okkur við að bæta starf skólans. Við gerum könnun af þessu tagi árlega og var hún fyrst lögð fyrir foreldra vorið 2008. Í þessari skýrslu er borið saman við niðurstöður síðustu ára þar sem það er hægt.

Við þökkum foreldrum fyrir þátttökuna

Helstu niðurstöður

Ánægja

Um 88% foreldra eru ánægðir með Salaskóla og hefur ánægja aukist um tvö prósentustig frá því fyrir tveimur árum en er enn um 1,5% prósentustigi lægri en þegar hún var mest árið 2008.

Ánægja með umsjónarkennara er jafnan mikil meðal foreldra og mælist nú um 85%. Það eru breytingar á því milli ára en mest var hún árið 2009, um 90% sem er vissulega ótrúlega hátt hlutfall. Foreldrar kalla eftir góðu upplýsingastreymi frá umsjónarkennara og hlutfall þeirra sem telja að það þurfi að bæta hefur hækkað.

Um 80% foreldra telja Salaskóla vera vel stjórnað sem er tveimur prósentustigum minna en í fyrra. Mest var ánægja foreldra með stjórnun skólans árið 2008.

Líðan nemenda

Um 92% foreldra telja að börnunum sínum líði vel í skólanum. Ánægjulegt er að sjá að það hlutfall hækkar frá því á síðasta ári. 84% telja að þeim líði vel í frímínútum sem aftur á móti er lægra hlutfall en fyrir ári. Talsverður munur er eftir aldri nemenda en 95% foreldra unglunga telja að barni sínu líði vel í frímínútum á móti 80% foreldra á yngsta stigi.

Tæplega 18% foreldra telja að barnið sitt hafi orðið fyrir einelti á liðnu skólaári. Það er tæplega tveimur prósentustigum lægra en í fyrra þegar það var hæst en sjö prósentustigum hærra en árið 2009 þegar það var minnst. Verulegur munur er eftir aldri en hlutfallið er um 20% í 1. – 7. bekk en um 10% á unglíngastigi. Hlutfallið var það sama í fyrra á yngsta stigi og unglíngastigi en í 5. – 7. bekk var það tæp 30%. Gleðiefni er að það hefur lækkað verulega þar.

Það er ánægjulegt að hlutfall þeirra sem eru sáttir við hvernig tekið var á eineltinu í skólanum hefur stigið jafn og þétt frá 2008. Þá voru tæp 38% sátt en eru nú um 56%.


Kennslan

Foreldrar telja skólann almennt standa sig prýðilega í að kenna hinar ýmsu námsgreinar. Þó telja um 10% foreldra stærðfræðikennslu á miðstigi ábótavant og á unglíngastigi er hátt hlutfall sem telur tónlistarkennslu ábótavant sem má til sanns vegar færa þar sem tónlistarkennsla hefur ekki verið á því aldursstigi.


Matarverðið

Nú voru foreldrar spurðir um verðið á matnum í mötuneytinu og voru 24% á því að það væri of hátt en 74% töldu það hóflegt.


Ertu ánægður með Salaskóla?




Ertu ánægður eða óánægður með kennsluna sem barnið þitt fær?




Finnt þér metnaður kennara við skólann mikill eða lítill?




Yngsta stig - Finnt þér skólinn standa sig vel eða illa í að kenna barninu þínu




Miðstígg - Finnst þér skólinn standa sig vel eða illa í að kenna barninu þínu




Unglingastígg - Finnst þér skólinn standa sig vel eða illa í að kenna barninu þínu




Telurðu að agi í skólanum sé of lítill, hæfilegur eða of mikill?




Hversu vel eða illa finnst þér tekið á aga- og samskiptavandamálum nemenda




Telur þú að barninu þínu líði alltaf, oftast, sjaldan eða aldrei vel í skólanum?




Telur þú að barninu þínu líði alltaf, oftast, sjaldan eða aldrei vel í frímínútum?




Ertu ánægður eða óánægður með viðmót umsjónarkennara í samskiptum við þig?




Ertu ánægður eða óánægður með viðmót umsjónarkennara í samskiptum við barnið?





Ertu ánægður eða óánægður með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara til þín um barnið?




Ertu ánægður eða óánægður með hvernig umsjónarkennari upplýsir foreldrahópin um líðan og félagsanda í bekknum s.s. ef einelti kemur upp?






Ertu ánægður eða óánægður með hvernig Salaskóla er stjórnað?


■ 2008 ■ 2009 ■ 2010 ■ 2011



Telur þú að þær kröfur sem gerðar eru námslega til barnsins í skólanum séu hæfilegar, of miklar eða of litlar?



Hvernig viltu helst hafa vetrarleyfi?



	Eins og núna, tvo daga á haustönn og tvo á vorönn	Fjóra daga á haustönn	Fjóra daga á vorönn	Sleppa vetrarleyfi og skólaslit verði fyrr
■ 2008	53,30%	5,54%	13,98%	27,18%
■ 2009	64,77%	4,26%	7,10%	23,86%
■ 2010	69,65%	2,02%	9,54%	18,79%
■ 2011	65,80%	4,66%	11,14%	18,39%

Skriflegar athugasemdir

Í könnunni gafst foreldrum tækifæri til að gera stuttar skriflega athugasemdir. Margir nýttu sér það til að koma ábendingum á framfæri við kennara og stjórnendur skólans. Helstu þemu í athugasemdum foreldra voru hrós um einstaka kennara og starfsmenn eða starfsmanna skólans almennt, ánægja með starfið í skólanum, óskir um upplýsingar þegar samskiptavandamál koma upp meðal nemenda, ábendingar varðandi heimanám, hvernig mætti nota Mentor betur og athugasemdir varðandi skipulag sundkennslunnar í vetur. Hér á eftir eru birt nokkur dæmi um athugasemdir foreldra.

Hrós

„Ánægð með skólann og krökkunum líður vel. Heilmikið skemmtilegt í gangi fyrir krakkana og margir góðir kennarar.“

„Ég vil lýsa yfir ánægju minni með það hvernig staðið er að unglिंगadeildinni í Salaskóla. Mér dettur sérstaklega í hug núna undirbúningur árshátíðar sem krakkarnir tóku virkan þátt í og áttu þess vegna mikið í henni. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar stóð sig með þryði í vetur, bæði þegar það kemur að því að vera góðar fyrirmyndir og veita foreldrum upplýsingar um það sem væri að gerast í unglिंगameningunni almennt. Það er góður andi í þessum litla hópi sem er í unglिंगadeildinni og þau umgangast líka milli árganga. Ég hef heyrt góða hluti um ákveðna kennara frá mínum unglिंगi þar sem þau eru hvött áfram og hrósað fyrir að vera fyrirmyndarunglingar. Ég vil líka benda á að Marita fræðslan nýttist mér vel og hjálpaði mér að fara yfir þau mál með mínum unglिंगi.“

„Sérstaklega hrósa Auðbjörgu í dægradvölinni sem er yndisleg við börnin og frábær í samskiptum við foreldra. Starfsemi dægradvalarinnar er alveg framúrskarandi og vel skipulagt! Takk fyrir okkur.“

„Það er frábært koma í Salaskóla, mjög gott viðmót alls starfsfólks. Það sést í öllu starfi hversu mikill metnaður er hjá starfsfólki og stjórnendum. Við erum virkilega ánægð með skólann. Takk fyrir okkur.“

„Ég vil fá að hrósa Hrefnu skólastjóra og Auðbjörgu í dægradvölinni, mér finnst þær taka svo einstaklega vel á vandræðum sem koma upp og þetta er aldrei neitt "vesen" heldur eru hlutirnir ræddir og lausn fundinn. Eins er ég ROSAlega sátt við dægradvölinna. Starfsfólkið er í alla staði frábært og skemmtilegt starf að gerast þarna. Svo skemmtilegt að barnið mitt vill ekki heyra á það minnst að koma fyrr heim. Frábært hjá ykkur, áfram Salaskóli.“

„Þið eruð að vinna gott og metnaðarfullt starf. Haldið áfram á sömu braut.“

„Barnið mitt er mjög ánægt í Salaskóla og hefur lært mikið í vetur. Ég er ánægð hvernig tekið er á málum ef upp koma vandamál og þau leyst með farsælum hætti. Hafði heyrt mjög vel talað um skólann áður en barnið mitt byrjaði og það hefur sannarlega sýnt sig að Salaskóli er góður skóli.“

„Ég vil almennt lýsa ánægju minni á skólanum. Mér finnst rosalega vel staðið að öllu, hvort sem það er í tengslum við almenna kennslu, íþróttir eða annað. Viðmótið og upplýsingaflæði skólans er rosalega gott. Ennfremur vil ég lýsa ánægju minni á starfsemi dægradvalarinnar. Upplýsingaflæðið þar er einnig mjög gott, ég er vel upplýst um hvað er að gerast hverju sinni og starfsemin fjölbreytt og skemmtileg fyrir börnin.“

„Áfram Salaskóli - þið eruð laaang best :-)"

„Frábær skóli og gott starf unnið í honum!"

„Einstaklega frábær kennari/kennarar í 1.bekk - starfsfólk í dægradvöl á skilið miklar þakkir fyrir frábært starf og mikið frumkvæði við að gera daginn fjölbreytann og skemmtilegan :)“

„Mig langar sérstaklega til að hrósa Ragnheiði fyrir frábært starf með kórinn og annað tónlistarstarf. Það er fengur fyrir skólann að hafa slíkan starfsmann.“

„Er ánægð með list- og verkgreinar og tel mikilvægt að hún verði ekki skert.“

Það er mikilvægt fyrir starfsfólk skóla að fá hrós og hvatningu af þessu tagi frá foreldrum. Mikilvægt að fá viðurkenningu á því sem vel er gert, það hjálpar til að efla skólstarfið.

Mentor

„Finnst að hægt væri að nota Mentor betur í að koma upplýsingum um nemenda til foreldra. Einnig mundi ég vilja sjá próftöflu einhvers staðar sýnilega þá í Mentor eða á skóladagatalinu og mætti virkja það betur. En annars eru þið að standa ykkur mjög vel og er ánægð með skólann.“

„Það væri ágætt ef að kennarar samræmdu notkun á Mentor, vantar oft upplýsingar varðandi próf og heimavinnu.“

„Mentor of lítið notað til upplýsingar. Vantar alveg feedback frá kennara til foreldra. T.d. hrós/hvatningu í heimalestrarkvittunarbók (tekur ekki langan tíma) Láta vita hvernig gengur, hvort sem gangi vel eða illa. Einnig láta vita ef verið er að taka á málunum. Þá er auðveldara fyrir foreldra að vinna með.“

Gagnlegar ábendingar. Allir kennara eiga að nota Mentor í samskiptum við foreldra.

Einelti / Upplýsingar um samskiptavandamál

„Varðandi einelti þá var ég vel upplýst frá kennara um mál sem kom upp inn í bekk en almennt finnst mér foreldrar ekki vita nóg. Foreldrar ÞURFA að vita til að geta tekið á málum með börnum sínu og talað um við þau ef mál kom upp inn í bekk.“

„Vantar betri upplýsingar frá skólastjórnendum um raunstöðu mála í skólanum. Vitum um nokkur tilvik um eineltismál þar sem illa eða ekki tekið á málum af hálfu skólans. Eineltisáætlun Salaskóla virkar ekki, lítur vel út á blaði en ekki framkvæmd.“

„Finnst það fara allt eftir kennara hvernig tekið er á málum eins og einelti. Er með börn í tveimur bekkjum og svart og hvítt hvernig kennari tekur á málum sem koma upp. Ekki endilega einelti heldur bara erfiðleikum. Virðist ekkert endilega spurning hvernig skólinn tekur á hlutunum heldur misjafnt eftir kennurum.“

Umsjónarkennari gegnir veigamesta hlutverkinu í baráttunni gegn einelti. Allir kennarar eiga að vinna skv. Olweusaráætluninni gegn einelti bæði í fyrirbyggjandi starfi og þegar einelti kemur upp. Skv. niðurstöðum þessarar könnunar er það vinnulag sem unnið er eftir í skólanum að skila æ betri árangri þegar upp koma eineltismál en vissulega þarf að gera betur. Það þarf að þjálfá kennara í fyrirbyggjandi starfi sem og því verklagi sem á að nota þegar eineltismál kemur upp.

Skipulag sundkennslunnar

„Óþægileg mál eins og sundkennsla var illa og seint kynnt fyrir foreldrum.“

„Mér fannst skipulag sundkennslunnar þetta skólaárið alls ekki ganga upp. Afar erfitt að vera að hringla með tíma í íþróttum/tónlistarkennslu o.þ.h. inni á miðjum vetri, sem voru jafnvel sniðnir að stundarskrá að hausti.“

Skipulagi sundkennslunnar sl. vetur þurfti að breyta vegna þess að hún var of dýr en ekki síður vegna þess að nú nota fjórir stórir skólar Salalaug og til þess að allir fái sundkennslu þarf að kennslan að fara fram á námskeiðum. Það var ekki fyrr en rétt fyrir skólabyrjun sem þetta lá fyrir og mjög erfitt reyndist að koma kennslunni fyrir hjá nemendum. Fyrir þetta hefur verið komist og foreldrar fá upplýsingar um sundnámskeiðin strax í upphafi skólaárs.

Annað

„Velti fyrir mér hvort það megi ekki vera fjölbreyttara val í unglिंगadeild skilst að það sé mjög slakt miðað við skólana í kring.“

Vegna smæðar unglिंगadeildarinnar er afar erfitt að bjóða upp á fjölbreytt val. Í unglिंगadeildinni hafa verið um 100 nemendur.

„Nánast í hverri viku heyrum við af því að barnið hafi verið með 5 mismunandi kennara yfir daginn og í eitt skiptið gleymdust þau úti eftir útivist og enginn sótti þau inn. Það er erfitt fyrir svona litla krakka að hafa ekki stöðugleika í kennslunni og forfallakennarar sem kenna einn og einn tíma eru ekki að gera mikið meira en passa börnin.“

Tilfallandi forföll eru alltaf erfið viðureignar og erfitt við þeim að gera. Við höfum reynt að vera með nokkra fasta forfallakennara sem eru tilbúnir að hlaupa í skarðið með litlum fyrirvara og sjaldnast gefst þeim nokkur tími til undirbúnings. Kennslan verður því sjaldnast eins og ef umsjónarkennarinn er með nemendum.

„Er ánægð með umsjónarkennara bekkjarins en finnst óþægilegt núna 24.mái að vita ekki hver muni kenna bekknum á næsta ári. Væri mjög þægilegt að fá að vita það svo engin óvissa eða kvíði skapist um það. Annars bara takk fyrir veturinn og gleðilegt sumar.“

Það er allur gangur á hvenær hægt er að tilkynna hluti af þessu tagi. Við leggjum þó áherslu á að það sé hægt að gera í skólalok eða a.m.k. fyrir sumarfrí.

„Spurning hvort það sé hægt að fá einhverjar upplýsingar varðandi það hvernig fyrirverandi nemendum er að ganga og upplýsingar um brottfall úr menntaskólum?“

Góð ábending og við stefnum að því að gera könnun á þessu næsta haust.